

## **Verlagsreglur** **Fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar**

### 1.gr.

Í 27. og 57. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar kemur fram að borgarfulltrúar og nefndarmenn í borgarstjórn, borgarráði, fastanefndum, ráðum og stjórnunum eiga rétt á að leggja fram stutta fyrirspurn (200 orð) í fundargerð um mál sem eru á verksviði borgarstjórnar, ráðsins eða nefndarinnar.

Sömu aðilar eiga rétt á að leggja fram tillögur í borgarstjórn, borgarráði, fastanefndum, ráðum og stjórnunum. Verlagsreglur þessar fjalla um framsetningu og meðferð slíkra fyrirspurna og tillagna og eiga að stuðla að hraðri og vandaðri málsmæðferð.

### 2.gr.

#### *Fyrirspurnir*

Óski kjörinn fulltrúi upplýsinga um mál sem er á verksviði Reykjavíkurborgar skal hann leggja fram skriflega fyrirspurn í því ráði sem ber ábyrgð á málaflokknum samkvæmt gildandi samþykktum Reykjavíkurborgar. Einungis er heimilt að leggja fyrirspurn fram í einu ráði/nefnd.

Fyrirspurn skal vera skýr og bein, formálalaus og um afmörkuð atriði sem varða verksvið Reykjavíkurborgar. Skal við það miða að hægt sé að svara fyrirspurn i stuttu og hnitmiðuðu svari. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurninni þar sem fram kemur rökstuðningur eða frekari skýringar.

Svara skal fyrirspurn innan 30 virkra daga frá því að henni hefur verið vísað til umsagnar. Takist ekki að svara fyrirspurninni innan þess frests skal gera viðkomandi ráði skriflega grein fyrir ástæðunni.

Borgarfulltrúi sem vill leggja fram fyrirspurn getur fengið aðstoð við gerð hennar hjá starfsfólki skrifstofu borgarstjórnar.

### 3.gr.

#### *Tillögur*

Kjörnir fulltrúar hafa tillögurétt á fundum nefnda og ráða. Þeim er því heimilt að leggja fram tillögu í því ráði sem ber ábyrgð á málaflokknum samkvæmt gildandi samþykktum Reykjavíkurborgar sem fellur innan valdsvið viðkomandi ráðs. Einungis er heimilt að leggja tillögu fram í einu ráði/nefnd.

Tillaga er hugmynd sem fjallað er um í þeim tilgangi að taka efnislega afstöðu til hennar, tillögutextinn skal vera skýr og í ályktunarformi, formálalaus og varða afmörkuð atriði á verksviði Reykjavíkurborgar. Miða skal við að það sé hægt að samþykka tillögu og framkvæma hana í beinu framhaldi. Stutt greinargerð má fylgja tillögunni þar sem fram kemur rökstuðningur eða frekari skýringar.

Leitast skal við að tillögur verði tilbúnar til afgreiðslu eigi síðar en 30 dögum eftir að hún er lögð fram.

Borgarfulltrúi sem vill leggja fram tillögu getur fengið aðstoð við gerð hennar hjá starfsfólki skrifstofu borgarstjórnar.

*Samþykkt á fundi forsætisnefndar 19. janúar 2024*